

Ár 2014, þriðjudaginn 23.september, er dómþing Dómstóls ÍSÍ sett að Austurvegi 3, Selfossi af Ólafi Björnssyni dómara.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2014

**Sigurður Unnar Hauksson,  
Gegn  
STÍ, Skotíþróttasamband Íslands.**

Gögn málsins nr. 1- 25 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

**DÓMUR:**

**I.**

**Dómkröfur.**

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ þann 24. júlí sl.

**Kærandi:** Sigurður Unnar Hauksson, kt.041194-3249, Lyngholti 1, 640 Húsavík

**Fyrirsvarsmaður kæranda:** Undirritaður lögmaður Örlygur Hnefill Jónsson hdl. kt.280853-5859, Lögfræðistofu Örlygur Hnefils Jónssonar ehf, Höfða 24b, 640 Húsavík

**Kærði:** STÍ Skotíþróttasamband Íslands, kt .470483-1139, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara sem ákvað að málflutningur yrði skriflegur.

Kærða gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu, sem barst réttinum þann 12. Ágúst sl.

Dómkröfur kæranda eru þær leiðrétt verði sú ákvörðun að meina kæranda að ljúka keppni og bráðabani fari fram milli þeirra þriggja sem efstir voru og jafnir í keppninni með 112 dúfur.

Dómkröfur kærða STÍ Skotíþróttasamband Íslands, eru þær að niðurstaða mótshaldara standi óbreytt.

Kæranda gafst tækifæri á að gera athugasemdir. við greinargerð kærða og bárust þér réttinum 18. ágúst sl.

Kærða gafst tækifæri til að gera athugasemdir við sjónarmið kæranda í athugasemdum, og skilaði athugasemdum til dómsins 26. ágúst sl.

## II.

### Málsatvik og málatilbúnaður kæranda

Í kæru Örlygs Hnefils Jónssonar hdl f.h. kæranda segir: Að lokinni keppni á Íslandsmóti STÍ sem haldið var í Reykjavík síðastliðna helgi laugardag 19.júlí og sunnudag 20.júlí var niðurstaðan sú að þrír einstaklingar voru efstir og jafnir með 112 dúfur. Þetta voru kærandi Sigurður Unnar Hauksson, Ellert Aðalsteinsson og Örn Valdimarsson. Ákvörðun mótshaldara STÍ er að víkja kæranda til hliðar og halda bráðabana milli Ellerts og Arnar. Kæranda er að engu getið varðandi úrslit á mótinu,

**Lagarök, málavextir, málsástæður og röksemdir :** Kærandi vísar til þess að hann hefur mörg undanfarandi ár keppt við menn í fullorðinsflokk og unnið þar fjölmörg mót hvort sem þau heita opin mót, STÍ mót eða Norðurlandsmót. Þar er um það að ræða Sigurður sigrar mótin og fær fyrstu verðlaun í samræmi við það þó hann sé skráður unglingur og að í reglum um keppni í unglingaflokki á STÍ-mótum segi “ Unglingar keppa ávallt í Unglingaflokki á STÍ-mótum“. Það er því ítrekað komið fram að Sigurður hefur keppt á mótum með fullorðnum og fengið að ljúka keppni og borið sigur úr bitum og fengið verðlaun í samræmi við það að hafa unnið þau afrek.

## III.

### Málatilbúnaður kærða.

Greinagerð kærða STÍ, Skotíþróttasambands Íslands, var send af hálfu stjórnar sambandsins til dómara þann 11. ágúst sl. Þar komu fram eftirfarandi athugasemdir við kæru:

Stjórn STÍ hefur farið yfir framkvæmd mótsins og komist að þeirri niðurstöðu að umrætt mót var haldið samkvæmt gildandi reglum STÍ í alla staði. Sigurður Unnar Hauksson, úr Skotfélagi Reykjavíkur, var skráður í unglingaflokk fyrir mótið og keppti á mótinu í þeim flokki samkvæmt reglum STÍ. ( sjá meðfylgjandi reglur STÍ ) Hann tók jafnframt við viðurkenningum sem Íslandsmeistari unglunga 2014.

Reglur STÍ um keppni í unglingaflokki eru mjög skýrar um þetta efni en þar segir að unglingar keppi ávallt í unglingaflokki. Engar heimildir er að finna um að bregða megi frá þessari reglu. Á þeim mótum sem Sigurður keppti í, í fullorðinsflokk, var rangt staðið að mótunum af hálfu mótshaldaranna og fóru þau mót ekki fram samkvæmt reglum STÍ. Enginn vilji er til þess af hálfu stjórnar STÍ að ógilda eða breyta fyrri úrslitum enda enginn farið fram á það eða hreyft andmælum vegna þeirra. Rétt er að taka fram að aldrei fyrr hefur komið upp ágreiningur vegna keppni unglunga í öllum þeim fjölda skotgreina sem STÍ stendur fyrir. Unglingar keppa einfaldlega alltaf í unglingaflokki og þar við situr. Stjórn STÍ hefur hins vegar ákveðið að skipa starfshóp til að fara yfir keppnisreglur sambandsins með hliðsjón af þessu máli.

### III.

Athugasemdir vegna greinargerðar kærða bárust frá foreldrum kæranda fyrir hans hönd, þann 18. ágúst sl.

Þar segir m.a. f.h. kæranda:

Í rökum STÍ kemur fram :

*„Reglur STÍ um keppni í unglingsflokkum eru mjög skýrar um þetta efni en þar segir að unglingsmenn keppi ávallt í unglingsflokkum. Engar heimildir er að finna um að bregða megi frá þessari reglu.“*

Svo sem fyrir liggur eru úrslit 8 móta frá árinu 2012 þannig að Sigurður Unnar er alltaf skráður til keppni sem unglingsmaður, en hann lendir alltaf ofarlega á þessum STÍ mótum, þ.e. frá eitt til fjögur. Það þarf því engann að undra að það hafi komið flutt upp á Sigurð að vera tilkynnt það af öðrum keppanda á miðju Íslandsmóti að hann ætti ekki möguleika á að vinna.

Önnur rök STÍ:

*„Á þeim mótum sem Sigurður keppti í, í fullorðinsflokkum, var rangt staðið að mótunum af hálfu mótshaldaranna og fóru þau mót ekki fram samkvæmt reglum STÍ.“*

Mótshaldarar hafa eflaust gert mistök, en að sömu mistökin séu gerð í að minnsta kosti 8 STÍ mótum frá árinu 2012, án athugasemda frá STÍ, sem svo breyta keppnisreglum á miðju Íslandsmót, er það sem hér er verið að kæra. Krafa okkar er enn sú sama að STÍ viðurkenni sín mistök, dragi í land þessa ákvörðun sína og að fram fari bráðabani milli þriggja efstu manna sem allir enduðu jafnir. STÍ getur ekki gert eitt í dag og annað á morgun. Sigurður Unnar er eini unglingsmaðurinn sem kepptir á landinu í þessari skotiþrótt, menn ættu að taka árangri hans fagnandi frekar en að koma svona fram við hann eins og gert var á Íslandsmótinu.

Ekki bárust frekari sjónarmið frá kærða, þó svo honum hafi verið gefin kostur á að tjá sig um þessa athugasemdir kæranda.

### IV..

#### **Forsendur og niðurstöður.**

Mál þetta var kært til Íþróttadómstóls ÍSÍ vegna meints brots mótsstjórnar STÍ Skotiþróttasambandsins á kærða, á Íslandsmóti STÍ, sem haldið var í Reykjavík helgina 19. og 20. júlí sl. Mótið fór fram á völlum Skotfélags Reykjavíkur.

Svo sem fram kemur í greinargerð kærða, þá fór stjórn STÍ yfir framkvæmd mótsins og komst að þeirri niðurstöðu að umrætt mót hefði verið haldið samkvæmt gildandi reglum STÍ í alla staði. Kærði, sem keppti fyrir Skotfélag Reykjavíkur, var skráður í unglingsflokk fyrir mótið og keppti á mótinu í þeim flokki samkvæmt reglum STÍ. Hann tók jafnframt við viðurkenningu sem Íslandsmeistari unglings 2014.

Reglur STÍ um keppni í unglingsflokkum eru mjög skýrar en þar segir að unglingsmenn keppi ávallt í unglingsflokkum. Engar heimildir er að finna um að bregða megi frá

Þessari reglu. Upplýst er af hálfu kærða að á þeim mótum þar sem kærði keppti í fullorðinsflokki, hafi verið rangt staðið að mótunum af hálfu mótshaldaranna og fóru þau mót ekki fram samkvæmt reglum STÍ. Fyrir liggur að kærandi hefur fengið að keppa í flokki fullorðinna á öðrum mótum á vegum kærða. Framkvæmd og úrslit þeirra móta eru ekki til úrlausnar í þessu máli.

Fram kemur að stjórn kærða hafi hins vegar ákveðið að skipa starfshóp til að fara yfir keppnisreglur sambandsins með hliðsjón af þessu máli.

Samkvæmt þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn verður ekki séð að sönnur hafi verið færðar fyrir broti kærða á kæranda, sem geri það að verkum að bráðabani keppinnar í flokki fullorðinna fari fram að nýju. Fyrir liggur að kærði keppti í unglingafloki og varð þar íslandsmeistari. Hann á hinsvegar ekki keppnisétt í flokki fullorðinna, samkvæmt reglum kærða. Af þeim sökum er ekki fallist á dómkröfu kæranda í málinu.

### **Dómsorð:**

Kærði, STÍ, Skotíþróttasamband Íslands, er sýkn af kröfum kæranda í máli þessu.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er kynntur réttur til að áfrýja máli þessu til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í gegn um skrifstofu ÍSÍ, en frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómpingi slitið.

  
Ólafur Björnsson